

ætla að sigra. Spæjarinn hafði logið þegar hann sagði að félagi sinn væri í ganginum utan við dyrnar. Franski lögregluþjónninn, sem lofað hafði að hjálpa honum, var ekki komin, en spæjaranum leiddist og hélt sig færan um að ráða niðurlögum þessa gamla drukknna manns hjálparlaust.

Hann vildi ekki brúka skammbýssuna, áleit það skyldu sína að ná honum lifandi, svo hann yrði dæmdur samkvæmt lögum lands síns.

“Komið þér nú,” sagði hann rólega, “látið mig smegja handjárnunum á yður. Aflog eru þýðingarlaus.”

Desrolles nísti tönnum en svaraði ekki. Hann var búinn að koma spæjaranum allnærri dyrunum, sem stóðu opnar, og vissi ef hann gæti hrint honum út úr dyrunum og ofan í stigann var honum dauðinn vís.

Líklega hefir spæjarann grunað áform Desrolles, því hann beitti öllu afli sínu og hrakti hann aftur á bak þvert yfir herbergið, hrinti honum svo á veginn og slepti honum um leið, í því skyni að taka enn fastar utan um hann aftur. En þegar stóri skrokkurinn hans Desrolles lenti á veggnum með miklu afli, brotnaði fúni tréveggurinn og Desrolle fell aftur á bak út af gólfinu, lenti á digrum bjálkum, sem reistir höfðu verið upp við húsið til stuðnings því, og var dauður þegar hann kom niður á steinstéttina.

Parísarblöðin gátu um þetta óhapp daginn eftir og ensku blöðin nokkrum dögum seinna.

---